

MSc Í REIKNINGSHALDI OG ENDURSKOÐUN

MSc Í STJÓRNUN REKSTRARBÓKHALDS



Endurskoðandi eða sérhæfing í stjórnun rekstrarbókhalds

Meistaránám í **reikningshaldi og endurskoðun** hentar þeim sem stefna að löggildingu sem endurskoðendur eða vilja ná langt á sviði fjármálastjórnunar innan fyrirtækja. Þeir sem velja endurskoðun stefna alla jafna að því að verða **löggiltir endurskoðendur** og áhersla í námi þeirra varðar endurskoðun, gerð ytri reikningsskila, skattamál og skyldar greinar, einkum fjármálafræði.

Í **stjórnun rekstrarbókhalds** er lögð áhersla á að miðla upplýsingum til stjórnenda fyrirtækja og stofnenda sem unnar eru úr innri gögnum þeirra. Slíkt nám ætti að höfða til verðandi **fjármálastjóra og aðalbókara** en áherslan í slíku námi er einkum á nýtingu reikningshalds í þágu stjórnenda og hönnun upplýsingakerfa hvers konar, ásamt gerð ytri reikningsskila og fjármálafræða en síður á endurskoðun og skattamál. Gert er ráð fyrir að nemendur taki sameiginlegt fyrsta árið og svo er hægt að sérhæfa sig í annað hvort reikningshaldi og endurskoðun eða stjórnun rekstrarbókhalds.

Reikningshald er stundum kallað tungumál viðskipta. Um það tungumál gilda reglur eins og um önnur tungumál. Mikilvægt er að sá sem vill starfa við tölulega greiningu um rekstur fyrirtækja, hvort sem það er á vettvangi fyrirtækjanna sjálfra eða sem sjálfstæður ráðgjafi, tileinki sér þær reglur og kunni að beita þeim þannig að sem áreiðanlegust mynd fáist af rekstrarafkomu og efnahag fyrirtækja.

UPPBYGGING NÁMS

Námið er 120 ECTS eininga nám og tekur tvö ár, eða fjórar annir ef miðað er við fullt nám. Gert er ráð fyrir fjórum námskeiðum á önn í fullu námi og hvert námskeið er 7,5 ECTS einingar. Reikna verður með lengri tíma fyrir þann sem vinnur önnur störf með náminu. Kennsla fer fram ýmist seinni hluta dags eða um helgar, þegar námskeiðin eru í höndum erlendra kennara.

FYRIR HVERJA ER NÁMIÐ

Til að öðlast inngöngu í námið verða umsækjendur að uppfylla einhver eftirfarinna skilyrða:

- BSc, BA eða Cand.Oecon próf í viðskiptafræðum með áherslu á fjármál eða reikningshald.
- BSc eða BA próf í viðskiptafræðum almennt. Til athugunar kemur þá hvort viðkomandi þarf að taka viðbótarnámskeið í reikningshaldi og fjármálum í grunnnámi.
- BSc eða BA próf úr öðrum fræðagreinum. Þá er lögð áhersla á að nemendur hafi nýlega lokið eftirfarandi námskeiðum eða sambærilegum: Fjármál I, Fjármál II, Rekstrargreining, Fjárhagsbókhald, Gerð og greining ársreikninga. Búast má við að umsækjandi þurfi að taka námskeið úr grunnnámi í viðskiptafræðum áður en formlegt meistaránám hefst.
- Umsækjandi hefur lokið Cand.Oecon prófi og vill bæta við sig meistaraprófi. Einhver námskeið í MSc náminu fást þá metin.



HÓPEFLI

Meistaránámið hefst að hausti með kynningardögum og hópefli þar sem nemendur hittast og farið er í saumana á mikilvægum atriðum í hópstarfi.

FREKARI UPPLÝSINGAR

Þóra Björk Eysteinsdóttir
Verkefnastjóri meistaránáms í reikningshaldi og
endurskoðun, og stjórnun rekstrarbókhalds.
thorabjork@ru.is
Sími: 599 6281

Stefán Svavarsson, dósent
Faglegur stjórnandi MSc náms í reikningshaldi og
endurskoðun og stjórnun rekstrarbókhalds.

MSc Í REIKNINGSHALDI OG ENDURSKOÐUN

FYRRA NÁMSÁR - Haustönn

Fjármál fyrirtækja I	Rekstrarbókhald fyrirtækja
Reikningsskil I	Reikningsskil II
Skattskil fyrirtækja I	Samstæðureikningsskil fyrirtækja
Endurskoðun I - rannsóknaraðferðir	Valgreinar (1 af 2)
	Alþjóðafjármál
	Fjármál fyrirtækja II

FYRRA NÁMSÁR - Vorönn

SEINNA NÁMSÁR - Haustönn

Reikningsskilafraeði	Afleiður – fjármál og reikningshald
Endurskoðun II – rannsóknaraðferðir	Endurskoðun III – endurskoðunarfræði
Upplýsingatækni í reikningshaldi	Félaga - og fjármunaréttur
Valgreinar (1 af 3)	Valgreinar (1 af 2)
Skattskil II – alþjóðaskattamál og skattaskipulagning	Afleiður – fjármálafræðiáhersla
Rekstrarbókhald fyrirtækja II – raunhæf verkefni	Skuldabréfagreining (Fixed Income Analysis)
Verðmat (Equity Analysis)	

SEINNA NÁMSÁR - Vorönn

MSc Í STJÓRNUN REKSTRARBÓKHALDS – NÝ NÁMSBRAUT

FYRRA NÁMSÁR - Haustönn

Fjármál fyrirtækja I	Rekstrarbókhald fyrirtækja
Reikningsskil I	Reikningsskil II
Skattskil fyrirtækja I	Samstæðureikningsskil fyrirtækja
Endurskoðun I - rannsóknaraðferðir	Valgreinar (1 af 2)
	Alþjóðafjármál
	Fjármál fyrirtækja II

FYRRA NÁMSÁR - Vorönn

SEINNA NÁMSÁR - Haustönn

Rekstrarbókhald fyrirtækja II – raunhæf verkefni	Afleiður – Fjármál og reikningshald
Rekstrarbókhald III - Strategic Management Accounting	Rekstrarbókhald IV - Management and Accounting
Upplýsingatækni í reikningshaldi	Rekstrarbókhald V - Business Analytics
Valgreinar (1 af 3)	Valgreinar (1 af 2)
Skattskil II – alþjóðaskattamál og skattaskipulagning	Afleiður – fjármálaáhersla
Reikningsskilafraeði	Skuldabréfagreining (Fixed Income Analysis)
Verðmat (Equity Analysis)	

SEINNA NÁMSÁR - Vorönn

UMSÓKNARFRESTUR

- Fyrri umsóknarfrestur er 30. apríl 2009 – hvetjum við umsækjendur að sækja um í fyrri umsóknarfresti.
- Síðari umsóknarfrestur er 31. maí 2009.

UMSÓKN OG FYLGIGÖGN

- Sækja skal um rafrænt á vef skólans (www.ru.is).
- Ferilsskrá með mynd.
- Staðfest afrit prófskríteina.
- Meðmælabréf sem er sent beint á verkefnastjóra náms af meðmælenda.
- Á rafrænu umsóknareyðublaði þarf að tilgreina hvers vegna umsækjandi óskar inngöngu í meistaranámið.